

Ársskýrsla
sýslumannsins á Akranesi
árið 2002

Akranes janúar 2004

I. Inngangur.

Gerð þessarar ársskýrslu sýslumannsins á Akranesi er í samræmi við erindisbréf hans frá 23. mars 1999 og samning dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsins á Akranesi um rekstur embættisins frá sama tíma. Um er að ræða aðra ársskýrsluna samkvæmt þeim samningi en fyrsta ársskýrslan var gerð á árinu 2002 vegna ársins 2001. Af sama meiddi er langtímaáætlun sýslumannsins á Akranesi fyrir árin 2000 til 2003, sem dómsmálaráðuneytið samþykkti 20. febrúar 2001.

Við gerð þessarar ársskýrslu er stuðst við ársskýrslu sýslumannsins í Hafnarfirði fyrir árið 1999 og ársskýrslu sýslumannsins í Stykkishólmi fyrir árið 2000 og 2001; bæði hvað varðar val á efni til birtingar og framsetningu þess. Er það gert til stuðla að samræmi í ársskýrslum embætta sýslumanna þannig að þær nýtist til samanburðar og áætlunargerðar. Þar sem skilur á milli er aukin umfjöllun um árangur markmiðasetningar og ályktanir út frá framsettri tölfræði.

Burðarásinn í þessari ársskýrslu eru tölulegar upplýsingar um starfsemi embættis sýslumannsins á Akranesi og samanburður á settum markmiðum í langtímaáætlun og árangri.

Stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Akranesi er sveitarfélagið Akraneskaupstaður. Íbúafjöldi sveitarfélagsins var 1. desember 2002 var 5590 íbúar og er um fjölgun íbúa að ræða á milli ára. Íbúatala umdæmisins hefur verið að síga upp á við þegar litið er til talna síðustu ára þannig að 1. desember 1996 voru íbúar 5.074, 1. desember 1997 voru íbúar 5.127, 1. desember 1999 voru íbúar 5.342, 1. desember 2000 voru íbúar 5420 og 1. desember 2001 voru íbúar 5517. Við fjölgun íbúa má búast við aukningu í málafjölda embættisins. Þar fyrir utan var byggt töluvert af nýju íbúðarhúsnæði í umdæminu sem eykur möguleikana á íbúafjölgun til lengri tíma litið auk þess sem gatnagerð á vegum sveitarfélagsins í nýjum hverfum gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum.

II. Hlutverk sýslumannsins á Akranesi og verkefni.

Sýslumaðurinn á Akranesi fer með stjórnsýslu ríkisins í umdæminu eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um sjá einkum lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989 sbr. lög nr. 15/1998. Aðalviðfangsefni embættisins greinist í tvennt: Annarsvegar löggæsla ásamt meðferð ákærvaldsins að því marki sem það fellur ekki undir ríkissaksóknara og hinsvegar almenn umboðsstörf svo sem þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungasölur, sífjamál, meðferð dánarbúa, yfirlögráð, lögskráningar, útgáfa á ýmsum leyfum og skírteinum, verkefni á grundvelli stjórnsýslu og upplýsingalaga, lögbókandagerðir, utankjörfundaratkvæðagreiðslur og önnur verkefni ótalin. Þá hefur sýslumaður með höndum innheimtu á tekjum ríkissjóðs í umdæminu að því leiti sem hún er ekki falin öðrum. Sýslumaður fer einnig með tollstjórn og umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins á sviði almannatrygginga.

Eins og fram hefur komið eru verkefni sýslumanna eru bundin í lögum. Tilfærsla verkefna til og frá embættinu er því háð afstöðu löggjafans. Síðustu ár hefur tilhneigingin verið sú að auka verkefni embættanna og má þar nefna ákærvald í málaflokkum sem ríkissaksóknari átti áður ákærvald í, úrskurðir á sviði barnaréttar, ákvarðanir yfirlögráðanda, starfsmannaráðningar og kjaramálefni þ. m. t. stofnanasamningar skv. aðlögunarnefndarsamningum. Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina hefur verið færð frá embættinu til Útlendingaeftirlitsins og Ríkislögreglustjórans en

viðtaka umsókna og innfærsla þeirra í viðkomandi tölvukerfi er enn í höndum embættisins. Útgáfa vinnveitingarleyfa var með tilkomu nýrra áfengislaga færð frá embættunum til sveitarstjórna en eftirlit með vinnveitingarhúsum var fært frá sérstökum eftirlitsmönnum til lögreglu auk þess sem sýslumenn vista bankaábyrgðir vegna starfsemi áfengisveitingahúsa.

Allnokkur umræða var á árinu 2002 um tilfærslu verkefna sýslumanna sem fólu í sér tilflutning verkefna frá sýslumannsembættum en ekki var farið í slíka uppstokkun verkefna.

III. Þróun byggðar og atvinnumál.

Í langtímaáætlun embættisins 2000-2003 var lýst ákveðinni þróun á byggðar- og atvinnumálum sem framundan var í kaupstaðnum. Stækkun álversins á Grundartanga hafði í för með sér fjölgun starfa sem leiddi til fjölgunar íbúa á Akranesi en stækkunin var gerð á árunum 1998 og 1999 og áhrif hennar að mati undirritaðs að fullu komin fram á árinu 2002. Stækkun sú var úr 60.000 tonnum í 90.000 en fyrirhuguð er enn meiri stækkun í framtíðinni þ.e. úr 90.000 tonnum upp í 180.000 tonn. Önnur atvinnustarfsemi er tiltölulega stöðug og ekki hefur orðið veruleg breyting þar á þrátt fyrir kröfu um hagræðinu og arðsemi af atvinnutækifærum. Nokkuð hefur hægt á þenslu í fasteignamarkaði sem og uppbyggingu nýrra fasteigna. Byggingum í hinu nýja Ásahverfi var lokið á árinu 2002 og byrjað er að byggja upp svokallað Flatahverfi þar sem allmörgum lóðum hefur verið úthlutað. Framboð lóða er nú komin í jafnvægi eftir meiri eftirspurn en framboði. Er nú nokkuð um lausar lóðir tilbúnar til framkvæmda. Reikna má með að fjölgun íbúa á Akranesi verði minni á árinu 2003 miðað við árin á undan fyrir vikið eða standi í stað.

IV. húsnæði og búnaður.

Embættið hefur til afnota hluta af tveimur fasteignum, annarsvegar hluti hússins nr. 16-18 við Stillholt fyrir aðalskrifstofu og hinsvegar hluti hússins nr. 13 við Þjóðbraut fyrir lögreglustöð. Báðir fasteignahlutarnir eru í eigu Fasteigna ríkissjóðs og leigir embættið af þeirri stofnun fasteignirnar. Viðhald fasteignana er því á hendi Fasteigna ríkissjóðs en þar sem húsnæðið er tiltölulega nýlegt þá er enn ekki komin veruleg viðhaldsþörf á það.

Meðal annars vegna umboðs embættisins fyrir almannatryggingar þarf aðgengi fatlaðra að aðalskrifstofu að vera gott. Aðgengi þeirra hefur verið bætt á síðustu árum og eru 2 bílastæði sérmerkt fyrir fatlaða næst inngangi hússins. Aflíðandi kantur er af bílastæðunum og upp á gangstétt fyrir framan húsið. Lyfta er í húsinu en einna helst má setja út á hurð út á sameignina sem faratálmi fyrir fatlaða. Óskað hefur verið eftir úrbótum á aðgengi fatlaðra að húsnæðinu.

Rúmt er um starfsemina og skrifstofubúnaður tiltölulega nýlegur. Tölvur voru endurnýjaðar á árinu 1998 af samstarfshópi um upplýsingakerfi sýslumanna og má búast við að sá vélbúnaður dugi út árið 2003 en eftir það er komin brýn endurnýjunarþörf á tölvukostinum. Keyptur var stór system prentari á netið með tveimur skúffum sem ekki hefur virkað sem skyldi og verður leitað leiða til úrbóta hvað hann varðar. Tvær ljósritunarvélar eru á aðalskrifstofusem keyptar voru á árunum 1999 og 2000 og hefur lítill viðhaldkostnaður stofnast af þeim. Ekki þurftir að endurnýja ljósritunarvélar né faxtæki embættisins á árinu en nokkur kostnaður af viðhaldi er komin á tækin enda farin að eldast (3-4 ára.). Við kaup á skrifstofubúnaði hefur þess verið gætt

að framleiðandi þeirra hafi viðurkennda umhverfisvottun og að búnaðurinn hafi hátt endurnýtingarhlutfall í samræmi við umhverfisstefnu ríkisins.

V. starfsmenn.

Á árinu 2002 voru starfsmenn embættisins 21. Skiptust þeir þannig að á skrifstofu störfuðu 10 starfsmenn í 10 stöðugildum og við löggæslu störfuðu 11 starfsmenn í jafn- mörgum stöðugildum. Allir lögreglumenn sem fastráðnir eru við embættið hafa lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins og hefur þar með náðst það markmið sem sett var fram í langtímaáætlun ári fyrir en ráðgert var.

Starfsmannastefna embættisins er meðal annars fólgin í því að embættið gerir kröfur til starfsmanna sinna, jafnt sem stjórnenda, um heiðaleika, þjónustulund, vandvirkni, skilvirki og samræmi í vinnubrögðum. Embættið kemur á mótí fram við starfsmenn sína af hreinskilni, með virðingu og sanngirni.

Þessi atriði er erfitt að mæla í öðru en viðhorfum fólks til embættisins og starfsmannaveltu. Kvartanir vegna ófullnægjandi þjónustu voru innan við 10 á árinu 2002 sem er nokkuð færri en árið á undan. Engar mannabreytingar voru á aðalskrifstofu á árinu 2002 en seint á árinu 2002 lét yfirlögregluþjónnn embættisins Svanur Geirdal af störfum fyrir aldurs sakir. Staðan var auglýst laus til umsóknar og sóttu 27 aðilar um stöðun. Ráðherra skipaði Jón Sigurð Ólason í stöðun og er hann vel að henni kominn.

Nauðsynlegt er að starfsfólk fái tækifæri til þjálfunar og endurmenntunar, sérstaklega á sviði tölvumála. Lögregluskóli ríkisins og ríkisbókhald, ásamt námskeiðum fyrir starfsfólk í SFR hafa staðið fyrir slíkri endurmenntun með allgóðum árangri.

Á árinu 2002 var ákveðið að huga að heilsuvernd starfsmanna og fengnar hjúkrunarkonur frá Saga Spa til að framkvæma heilsufarsskoðun á starfsfólkinu og bjóða því upp á bóluefni við influensu. Tekin var stutt heilsufarsskýrsla í upphafi af hverjum og einum og niðurstöður skoðunar voru skráðar. Framtakið mæltist vel fyrir og nánast allir starfsmenn embættisins tóku þátt. Í kjölfarið var lagt fyrir starfsfólk lögreglu skoðunarkönnun um heilsufarismálefni og áfallahjálp sem leiddi til úrbóta. Ljóst er að við næstu langtímaáætlun verður mótuð stefna í heilsuverndarmálum starfsmanna og eftir atvikum í líkamsræktarmálum líka.

VI. Upplýsingamiðlun.

Til þess að allir starfsmenn embættisins vinni að sameiginlegum markmiðum þurfa þeir að vita hvernig staðan er hverju sinni. Samkvæmt langtímaáætlun var stefnt að reglulegum fundum starfsmanna til þess að auka upplýsingaflæðið.

Reglulegir fundir hafa ekki komist á á árinu 2002 heldur hefur verið fundað með starfsmönnum um tilfallandi málefni og almennt eftir því sem ástæða hefur verið til. Samgangur undir og yfirmanna er mikill og málin útkjád yfirleitt um leið og þau koma upp á minna forbundinn hátt en með fundum. Samskipti sýslumann við starfsmenn á aðalskrifstofu eru dagleg en samskipti við yfirlögregluþjón eru að minnsta kosti einu sinni á dag. Nokkurt óhagræði er af þeirri tilhögun að embættið er rekið á tveimur stöðum í bænum. Tveir fundir voru haldnir með öllum starfandi lögreglumönnum á árinu og voru þeir vel sóttir. Embættið þarf að fjölga fundum með lögreglu og móta stefnu varðandi fjölda funda á ári og tilhögun í samráði við nýskipaðan yfirlögregluþjón.

VII. Samstarf við önnur embætti.

Embætti sýslumannsins á Akranesi hefur átt samstarf við lögregluembættin á Vesturlandi og í Reykjavík um löggæsluverkefni í og við umdæmi lögreglunnar á Akranesi. Í sumar sem leið var lögð áhersla af hálfu dómsmálaráðherra á löggæslu á þjóðvegum með þátttöku allra lögregluliða á landinu.

Þann 7. mars 2002 ákvað ríkislögreglustjórinn að lögreglustjórarnir í Reykjavík, í Borgarnesi og á Akranesi skyldu taka höndum saman um umferðareftirlit á Vesturlandsvegi tímabilið 1. apríl 2002 til 31. desember 2002. Sýslumanninum á Akranesi var falin stjórn með umræddu umferðareftirliti. Lögreglustjórarnir funduðu þrisvar á árinu vegna þessa. Ákveðið var að setja upp sérstaka vaktatöflu á Vesturlandsveginn yfir sumartímenn þar sem liðin skiptust á viðveru á þeim vegi. Settir voru upp umferðarpóstar með bifhjólum og bíl þar sem um var að ræða hjól úr Reykjavík en bíll af Akranesi. Eftirlit með myndavélabilum ríkislögreglustjórans var aukið og liðin mönnuðu saman bifreið en liðin í Stykkishólmi og í Búðardal komu að því verkefni einnig. Um stórar umferðarhelgar voru settar upp áætlanir um aukna löggæslu og komu öll liðin á Vesturlandi að því verkefni auk lögreglunnar í Reykjavík. Loks var ákveðið að manna saman lögreglubifreið til að halda úti næturlangt úti á þjóðvegum til að kanna umferðina að næturlagi á Vesturlandi. Í þessum verkefnum var um að ræða flæði lögregluliða á milli umdæma eftir fyrirfram gerðri áætlun.

Það er mat undirritaðs að vel hafi tekist til og skipulagning þessa samstarfs hafi verið nauðsynleg. Framhald hefur þó ekki orðið á.

Í fíkniefnamálum hefur embættið haft samstarf við lögregluna í Reykjavík, fíkniefnadeild og fengnir þaðan bæði menn og hundar til aðstoðar við fíkniefnaleit. Samráð hefur verið haft við lögregluna í Borgarnesi varðandi fíkniefnamál á svæðinu en ljóst er að sömu aðilar koma við sögu í báðum umdæmum. Aðgegni að upplýsingum á báðum stöðum hefur batnað með tímanum.

Embættið mun áfram leggja sitt af mörkum til að styðja við þróun samstarfs við lögregluliðin í landinu.

VIII. Jafnréttismál.

Samkvæmt langtímaáætlun var stefnt er að því að starfsemi embættisins henti jafnt konum sem körlum og stefnt er að jafnri stöðu kynjanna í hvívetna. Æskilegt er að til starfa við embættið veljist jafnt konur sem karlar. Á aðalskrifstofu starfa 11 starfsmenn, þar með talið við ræstingar, en þar af eru 9 konur. Á lögreglustöðinni starfa 12 starfsmenn en þar af eru 2 konur. Af 11 lögreglumönnum sem starfa við embættið er 1 kona.

Eins og áður sagði þá hafa litlar mannabreytingar orðið á árinu 2002 og kynjahlutfall er það sama og verið hefur frá 1999.

Embættið mun áfram starfa að þessum málum í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í langtímaáætlun embættisins og skýrslu nefndar um bættu stöðu kvenna innan lögreglunnar til dómsmálaráðuneytisins 1997.

IX. Umhverfismál.

Í febrúar 1997 voru samþykktar í ríkisstjórn tillögur umhverfisráðherra um umhverfisstefnu í ríkisrekstri í samræmi við samþykktir Efnahags- og framfarastofnunar OECD frá mars 1996. Embættið setti sér það markmið í langtímaáætlun að leitast við að

fylgja tillögnum með því að móta heildarumhverfisstefnu varðandi pappírnotkun, umbúðarnotkun, endurnýtingu.

Endurnýting er verulega háð stefnu sveitarfélagsins í flokkun á úrgangi og möguleikum á endurnýtingu sem þau bjóða upp á. Sú breyting varð á árinu 2000 að sorp frá Akraneskaupstað er ekki lengur flutt til Sorpu heldur er það urðað í Fíflholti í Borgarfjarðarbyggð. Færri möguleikar eru því til endurvinnslu á sorpi eins og staðan er nú án verulegs tilkostnaðar. Pappi er fluttur í safngáma á pappa en ekki er boðið upp á endurvinnslu skrifstofupappírs. Miðað við hversu lítið magn fellur til af pappír við embættið er ekki talið svara kostnaði að koma honum á Reykjavíkursvæðið til endurvinnslu og verður því pappírnum áfram komið í almenna sorpgáma eftir að hafa farið í gegnum pappírstætara. Ef nýjir möguleikar opnast á endurvinnslu verða þeir möguleikar kannaðir. Tilraun var gerð á árinu til að kaupa endurnýtanlega tónera í laser prentara á embættinu í samræmi við umhverfisstefnu embættisins en nýting þeirra var léleg og áfyllingar þeirra mislukkaðar. Þjónustuaðilinn virðist hafa hætt starfsemi og tilraunin mistókst.

Á árinu 2002 var farið eftir þeirri stefnu sem boðuð er um umhverfisvæn innkaup sem umhverfisráðuneytið boðaði til og var t.d. leitað eftir upplýsingum um umhverfisvottun við kaup á skrifstofuvélum og endurnýtingarhlutfall.

X. Rekstrarkostnaður.

Embætti sýslumannsins var Akranesi áður rekið með umtalsverðum fjárlagahalla um margra ára skeið fram til ársins 2000. Eftir það fékkst leiðrétting á fjárlagaramma embættisins sem hefur verið innan fjárlagarammans eftir það. Á árinu 2001 var sett saman metnaðarfull rekstraráætlun sem átti að endurspeglar markmiðasetningu í rekstri embættisins en sú rekstraráætlun átti að snúa frá þeirri þróun undanfarinna ára á þá leið að frávik voru veruleg.

Hér að neðan er gerð grein fyrir rekstrarkostnaði embættisins frá 1996 talið í milljónum króna:

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
78.3	82.5	98.1	99.5	99.3	107.1	129.2

Hækkanir á milli árána 2001 og 2002 skýrist fyrst og fremst af nýjum kjarasamningum á milli fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna sem fólu í sér rúmlega 14% meðaltalshækkun launa auk uppgjörs á svokölluðum endurskoðunarákvaðum. Að auki urðu nokkrar hækkanir á launum starfsmanna í SFR t.d. svokallaðir láglaunapottar komu til úthlutunar á árinu sem fólu í sér tveggja flokka launahækkanir starfsmanna SFR í starfaflokki A og B. Einnig varð af nokkur kostnaður við starfslok yfirlögregluþjóns vegna uppsafnaðs orlofs og veikinda.

Fjárlagahalla fram til ársins 2000 er ekki lengur fyrir að fara. Fjárheimildir embættisins voru endurskoðaðar á árinu 1999 þannig að nýr grunnur var ákvarðaður í fjárlögum fyrir árið 2000. Embættið hefur frá þeim tíma verið rekið innan fjárheimilda. Fjárheimildir embættisins eru nú svipaðar og fjárheimildir embætta af sömu stærð.

Eekstraráætlun embættisins fyrir árið 2002 stóðst að meginhluta til. Samkvæmt rekstraráætlun var rekstrarkostnaður áætlaður kr. 126,7 þúsund,- en varð kr. 129,2,- samkvæmt uppgjöri ársins 2002. Frávik frá rekstraráætlun var því um 2% sem skýrist að mestu af hækkun á launalið og á rekstrarvörum.

Og loks er í þessum kafla skýrslunnar yfirlit yfir rekstrarkostnað embættisins árin 2001 og 2002 og áætlun fyrir árið 2003, annars vegar fyrir embættið í heild og hins vegar skipt niður á yfirstjórn og löggæslu.

Embættið í heild:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2001	Raun. 2002	Áætlun 2003
Laun	93,569	111,982	118,950
Önnur rekstrargjöld	16,067	17,877	19,438
Eignakaup	0,610	1,373	0,950
Sértekjur til frádráttar	-3,191	-2,002	-1,700
Mismunur	107,055	129,230	137,638

Yfirstjórn:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2001	Raun. 2002	Áætlun 2003
Laun	36,555	38,847	44,250
Önnur rekstrargjöld	6,053	7,358	8,310
Eignakaup	0,455	0,708	0,600
Sértekjur til frádráttar	-1,535	-0,286	-0,200
Mismunur	41,528	46,627	52,960

Löggæsla:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2001	Raun. 2002	Áætlun 2003
Laun	57,011	73,136	74,700
Önnur rekstrargjöld	10,013	10,524	11,158
Eignakaup	0,155	0,666	0,350
Sértekjur til frádráttar	-1,655	-1,717	-1,500
Mismunur	65,524	82,609	84,678

XI. Starfsemin.

XI.1. Leiðarljós.

Embættið hefur sett sér eftirgreind meginsjónarmið að leiðarljósi í starfsemi sinni:

1. Embættið mun eftir bestu getu leitast við að uppfylla lagaskyldu og önnur fyrirmæli sem um starfsemina gilda.
2. Embættið mun leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til þess leita góða og árangursríka þjónustu á eins skjótvirkan hátt og kostur er.
3. Embættið mun haga rekstri á sem hagkvæmastan hátt.

XI.2. Meginmarkmið.

Í samræmi við framgreind meginsjónarmið sem höfð eru að leiðarljósi hefur embættið sett sér eftirfarandi meginmarkmið.

1. Að tileinka sér þau vinnubrögð og notkun þeirrar tækni sem best er til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni í starfi.
2. Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.
3. Að stemma stigum við afbrotum og umferðarslysum með öflugum forvarnar- og eftirlitsstarfi.
4. Að vinna að uppljóstrun afbrota.
5. Að leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til embættisins leita góða þjónustu.
6. Að leggja áherslu á að úrlausnir mála gangi sem hraðast.
7. Að innheimta tekna ríkissjóðs verði sem skilvirkust.
8. Að embættið verði rekið á sem hagkvæmstan hátt og innan marka fjárheimilda.
9. Að móta starfsmannastefnu innan embættisins.

XI.3. Deilimarkmið.

Deilimarkmiðin eru sett fram á grundvelli meginmarkmiða. Deilimarkmiðið skal uppfylla þær skyldur að vera mælanlegt takmark sem lýsir lokaárangri tiltekins verkefnis eða þjónustu innan ákveðinna tímamarka.

Deilimarkmið 1.

Innfærsla á þinglýsingarluta í Landskrá fasteigna.

Í langtímaáætlun embættisins var sett fram sem markmið að færa þinglýsingar á fasteignum í umdæminu inn á tölvur þannig:

Fyrir árslok 2000 verði lokið við að færa 25% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2001 verði lokið við að færa 50% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2002 verði lokið við að færa 75% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2003 verði lokið við að færa 100% fasteigna í þinglýsingarhlutann þ.m.t. svokölluðum vandræðaeignum þar sem þinglýsingum og stofnskrá ber ekki saman.

Embættið hóf skráningu á fasteignum inn í Landskrá fasteigna síðar en til stóð eða í mars á árinu 2001. Deilimarkmið um að fyrir árslok árið 2000 væri búið að færa inn 25% eigna náðist því ekki. Á árinu 2001 voru færðar inn og yfirfarnar um 75% fasteigna í umdæminu sem er árangur langt umfram áætlanir. Fyrir vikið hefur þjónusta embættisins batnað þar sem veðbókarvottorð eru afgreidd jafnóðum og þau eru pöntuð ef um tölvufærða eign er að ræða. Á árinu 2002 var haldið áfram á sömu braut og var

nánast lokið að færa inn allar þær eignir á árinu sem mögulegt var án lagfæringa. Það sem eftir stendur eru svokallaðar misræmiseignir þar sem þinglýsingarbók embættisins samræmist ekki að fullu skráningu fasteigna í fasteignamati. Á árinu 2002 var hafist handa við að samræma þessar tvær skrár með samvinnu við umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og byggingafultrúa Akraneskaupstaðar enda stefnt að 100% innfærslu þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna.

Í desember 2002 veitti dómsmálaráðherra og forstjóri Fasteignamats ríkisins embættinu viðurkenningu fyrir frumkvæði og dugnað við innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabók í Landskrá fasteigna við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.

Deilimarkmið 2

Bætt innheimta opinberra gjalda.

Í langtímaáætlun embættisins var stefnt að því að bæta almennt innheimtu allra opinberra gjalda. Til einföldunar voru valin þrjú deilimarkmið sem töldust vera lýsandi fyrir meginmarkmiðið. Tölur í meðfylgjandi töflu voru prósentuhlutfall af álögðu innheimtu fé. Í öllum tilvikum skyldi miðað stöðuna 1. janúar árið eftir álagningarárið og eingöngu tekin þau gjöld sem álögð voru á árinu fyrir mælinguna. Mæling á árangri innheimtunnar í landinu er mæld reglulega af þjónustudeild Tollstjórans í Reykjavík. Þess ber að geta að innheimta á virðisaukaskatti dalaði nokkuð á milli árána 1999 og 2000 vegna nýrra reglna um áætlanir á þá virðisaukaskattskylda aðila sem ekki hafa skilað framtali.

Fallið er frá ofangreindu markmiði þar sem breytingar á skattaumhverfi, stórauknar áætlanir skatta þ.m.t. virðisaukaskatts auk breytinga á álagningu og gjalddögum opinberra gjalda þannig að samanburðurinn gekk ekki eftir. Til þess að hafa þó markmið á þessu sviði var ákveðið að fylgjast vel með yfirlitum þeim sem Tollstjórinn í Reykjavík gefur út yfir innheimtuárangur og þess gætt að innheimtuárangur embættisins væri yfir meðaltalsinnheimtuárangri. Það markmið hefur gengið eftir.

Á árinu 2000 var lögð áhersla á kaupgreiðendamerkingar í tengslum við innheimtu opinberra gjalda og regluleg útsending innheimtubrifa. Á árinu 2001 var lögð áhersla á að setja samninga um greiðsludreifingu inn í nýja vanskilakerfi TBR í formi greiðsluáætlana sem er skriflegur samningur. Sama ár voru sendir greiðsluseðlar vegna opinberra gjalda sem er nýbreytni auk þess sem farið er að senda innheimtubríf miðlægt frá ríkisbókhalda í tengslum við samræmdar innheimtuaðgerðir á landinu. Nýtt verklag var tekið upp í tengslum við tilkynningar til skattrannsóknarstjóra sem miðast við að senda tilkynningar fyrr til þeirrar stofnunar vegna vanskila á vörslusköttum. Útsendum greiðsluseðlum fækkaði á árinu 2002 frá árinu á undan sem bendir til þess að færri skuldi á árinu 2002 heldur en á árinu 2001.

Deilimarkmið 3

Símenntun starfsmanna.

Markmiðið var að 80% starfsmanna embættisins í SFR færu á á símenntunarnámskeið SFR og Sýslumannafélagsins 1. hluta á árunum 2000 og 2001.

Árangurinn af þessu markmiði var sá að allir starfsmenn SFR á embættinu fóru á umrætt námskeið og luku námi á vordögum 2001. Námið gaf rétt til eins flokks launahækkunar samkvæmt stofnanasamnings á milli sýslumanna og SFR sem jók aðeins launakostnað embættisins. Á árinu 2002 voru haldin nokkur námskeið sem þó voru ekki launategnd og voru starfsmenn hvattir til þátttöku á námskeiðum er nýttust í starfi þeirra.

Deilimarkmið 4

Aukinn málshraði opinberra mála að lokinni rannsókn hjá lögreglu.

Markmiðið var að öll mál frá lögreglu á árunum 2001 - 2003 fengju viðeigandi afgreiðslu innan tveggja vikna frá því að þau koma frá lögreglu til afgreiðslu sýslumanns. Afraksturinn var mældur út frá málaskrá lögreglunnar. Málin eru skráð til afgreiðslu sýslumanns þegar rannsókn er lokið og eins er afgreiðsla þeirra hjá sýslumanni skráð um leið og hún er ákveðin.

Í tengslum við ofangreint deilimarkmið var breytt forgangs röðun sýslumanns þannig að opinber mál yrðu afgreidd eins fljótt og verði mætti eftir að rannsókn er lokið auk þess sem gerðar voru ráðstafanir við útgáfu sektarboða á meðan að sýslumaður tók sumarfrí. Af könnun í málaskrá er ljóst að markmiðið hefur náðst í um 70% tilvika en nokkuð skortir á að málin berist sýslumanni jafnharðan og þau eru skráð á hann til afgreiðslu frá lögreglu.

Með fyrirmælum 5/2002 ákvað ríkissaksóknari hámarkstíma málsmeðferðar í líkamsárásarmálum. Á fyrsta yfirliti embættisins eftir útgáfu fyrirmælanna kom fram að rannsóknartími var í flestum málum innan við 50 dagar og eftir að mál var skráð til afgreiðslu hjá sýslumanni voru flest málin afgreidd innan 10 daga en öll voru afgreidd innan 20 dagar sbr. skýrsla til ríkissaksóknara dags. 23/1 2003. Málin voru því afgreidd í samræmi við verklag ríkissaksóknara. Einnig ber þess að geta að á árinu voru gefnar út leiðbeiningar af hálfu ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála sem kynnt var lögreglufulltrúa embættisins til eftirbreytni.

Ávinningurinn er að mál dragast ekki úr hófi og borgarinn fær niðurstöðu innan hæfilegs tíma í þeim málum sem hann varðar. Málin fá skilvirka afgreiðslu, ekki myndast flöskuhálsar í afgreiðslum þeirra og uppsöfnun mála er ekki fyrir að fara.

Deilimarkmið 5.

Forvarnastarf lögreglu við afbrotum barna.

Markmiðið var að lögreglan auki fræðslu í skólunum fyrir nemendur 8, 9. og 10. bekk um 1. klst á vetri á tímabilinu þannig að í lok tímabilsins standi fræðsla yfir í 3 klst á vetri.

Framkvæmdinni var þannig háttað að verkefnið var falið tveimur lögreglumönnum til framkvæmdar en annar þeirra hefur starfað við kennslu. Nálgun þeirra á verkefninu var byggð á svokölluðu DARE námsefni frá lögreglunni í Tallehasse í Flórída en það efni hlaut nafnið ÞOR hér á landi. Verkefnið byggir á að byggja upp sjálfsmynd einstaklings sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir um eigin heilsu og gerir upp á milli þeirra tilboða sem hann stendur frammi fyrir.

Á árinu 2001 var unnið við verkefnið í samráði við skólaskrifstofu Akranesbæjar og börnin heimsótt af lögreglu í skólana á skólatíma. Lögð var áhersla á að byggja upp jákvætt samband á milli barnana og lögreglunnar. Ákveðið var að byrja á verkefninu í 5. bekk grunnskólans og fylgja börnunum síðan upp í gegnum skólakerfið. Stundarfjöldinn er 4 klst. á hverjum vetri en 2-3. klst. hjá eldri krökkunum. Námsefnið er komið inn í verkefni skólans og tekinn frá tími í skólunum til að sinna því. Haldið var áfram á sömu braut á árinu 2002 með sama stundafjölda og ráðgert var í upphafi. Grillveisla var haldin um vorið í skógræktinni og sáu lögreglumenn um að veitingar og söng með krökkunum. Þor verkefnið var unnið samhliða þeirri grunnfræðslu í skólunum sem

lögreglan hefur um skeið unnið að í tengslum við umferðarmál. Ofangreint deilimarkmið hefur því verið náð og ríflega það.

Ávinningurinn er margþættur en sem dæmi má nefna betri tengsl milli lögreglu og ungmenna, minni fíkniefnaneysla yngra fólks og fækkun annarra brota barna og ungmenna. Ljóst er þó að nokkur tími mun líða þar til árangur erfiðisins kemur fram þar sem verkefnið er rétt á öðru árinu og mótun verkefnisins á hegðun barnana kemur fram eftir því sem þau eldast. Verkefnið hefur mælst vel fyrir í umdæminu og foreldrar og skóli ánægð með framtakið.

Deilimarkmið 6

Skipurit embættisins, starfskipan, verkferlar og frammistöðumat.

Markmiðið var að setja upp heilstætt skipurit fyrir embættið á árinu 2000, skráðir yrðu verklýsingar fyrir hvern starfsmann á árinu 2001, útlistaðir yrðu verkferlar þeirra verkefna sem embættinu er falið að vinna úr á árinu 2002 og unnið yrði að tilhögun um frammistöðumats starfsmanna á árinu 2003.

Drög að skipuriti embættisins liggja fyrir en ekki fullfrágengin. Til eru eldri verklýsingar en á árinu 2002 var ekki farið í að skrifa upp verklýsingar eins og til stóð. Ástæðan er sú að ekki fannst nægilega gott form til þess að vinna út frá og eins lá ekki fyrir nægilega heilstæð stefna til þess að byggja á. Embættið mun þurfa að taka sig á í þessum efnum og vinna betur í uppbyggingu starfsmannamála, þ.m.t. mótun starfsmannastefnu og launastefnu, starfslýsingar, frammistöðumöt og eftir atvikum starfsmannaviðtöl.

Deilimarkmið 7

Kostnaður embættisins.

Markmiðið var að útgjöld embættisins yrðu innan fjárlagaheimilda á tímabilinu 2000 til og með árinu 2003 og að frávik frá rekstraráætlun yrðu innan við 2,0% á hverju ári.

Til að ná settu markmiði var lögð aukin vinna í undirbúning og gerð rekstraráætlana og teknar inn sem flestar forsendur er áhrif höfðu á útgjöldin til hækkunar og lækkunar. Rekstraráætlunin var endurskoðuð með tilliti til uppfærslu tvisvar á ári með hliðsjón af verðlags- og kjaraforsendum sem og fjárlagaheimildum en ekki þótti ástæða til að gera verulegar breytingar á upphaflegri áætlun. Árangurinn var mældur með samanburði rekstraráætlana og raunútgjalda í BÁR og með samanburði fjárheimilda og raunútgjalda í BÁR

Á árinu 2001 var embættið innan fjárheimilda og tók yfir áramót allnokkrar fjárhæðir í rekstrarafgang. Frávik frá rekstraráætlun var innan við 1% hjá lögreglu og kostnaður við aðalskrifstofu var 7% lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Á árinu 2002 var kostnaðurinn við lögreglu 7% hærri en ráð var fyrir gert en hjá yfirstjórn var hann 6% lægri en ráð var fyrir gert. Heildarútgjöld á árinu fóru 2% fram úr áætlun á árinu 2002. Markmiðið náðist því en rétt svo.

Ávinningurinn af deilimarkmiðinu er sá að rekstur embættisins er stöðugur út árið og embættið þarf ekki að grípa til sértækra aðhaldsaðgerðir á hluta árs sem bitna myndi á þjónustustiginu.

XII. TÖLFRÆÐI.

Í þessum kafla er að finna tölulegar upplýsingar um þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungarsölur, sífjamál, dánarbú, lögræðismál, lögbókandagerðir, almannatryggingar og leyfisveitingar.

Ekki eru í ársskýrslunni ýtarlegar upplýsingar um innheimtu ársins 2002 því réttara þykir að vísa til væntanlegrar samantektar tollstjórans í Reykjavík um innheimtu opinberra gjalda á árinu 2002 á öllu landinu þar sem upplýsingarnar eru brotnar upp á innheimtumenn og samanburður gerður á árangri á milli embætta. Slíkur samanburður gefur betri raunmynd af innheimtunni við embættið heldur en upptalning á innheimtu án samanburðar við önnur embætti.

Í G. kafla eru tölulegar upplýsingar um tollamál og í H. kafla tölulegar upplýsingar um lögreglu- og ákærvaldmálefni.

A. Þinglýsingar.

Ár.	2001	2002	Mism.
Heildarfjöldi þinglýstra skjala.	2066	2371	+305
Skráning firma.	0	0	0

Þinglýsingum fækkaði á árinu 2001 en vegna aukningar á árinu 2002 á sviði nýbygginga og fasteignasölu jókst fjöldi þinglýstra skjala á milli árana 2001 og 2002.

B. Aðfarargerðir.

Ár.	2001	2002	Mism.
Nýjar beiðnir.	596	621	+ 25
Beiðnum alls lokið.	555	443	-112
Beiðnum ólokið 31/12	96	274	+ 178

Fjárnámsbeiðnum fjölgaði á milli árana 2000 og 2001 um 198 beiðnir og sú þróun gengur ekki til baka heldur fjölgar beiðnum um 25 á milli ára 2001 og 2002. Sú þróun bendir til þess að versnandi efnahagur frá árinu 2001 hefur ekki gengið til baka á árinu 2002 þar sem fjöldi aðfararbeiðna hækkar lítilega. Fjöldi ólokinna beiðna hækkar á milli ára sem bendir til þess að mörg málanna eru í fresti auk þess sem verulegur fjöldi beiðna kom seint á árinu inn til meðferðar.

C. Nauðungarsölur.

Fasteignir og skip:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	74	111	+ 37
Seldar eignir.	6	6	0
Lokin mál.	80	94	+ 14
Ólokin mál.	19	37	+ 18

Lausafé:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	10	21	+ 11
Seldar eignir.	1	1	0
Lokin mál.	10	14	+ 4
Ólokin mál.	7	15	+ 8

Á árinu 2001 vakti það nokkra athygli vekur að uppboðum fjölgaði ekki að sama skapi og fjárnámum. Sú skýring var sett fram í ársskýrslunni 2001 að reynslan sýndi að verri efnahagur skilaði sér seinna inn í uppboðin heldur en fjárnámin. Vænta mætti fjölgunar uppboða á árinu 2002. Sú skýring virðist hafa gengið eftir því uppboðsmálum fjölgaði umtalsvert á árinu 2002 en athygli vekur að framhaldssölum fjölgaði ekki. Flest nauðungasölumál eru afturkölluð áður en komið er að framhaldsuppboði. Framhaldssalan er lokaúrræði sem gerðarbeiðendur draga jafnan við sig að beita eins og þeim er frekast unnt. Áhugavert verður að sjá hver þróunin verður á árinu 2003.

D. Sifjamál, dánarbú, lögræðismál og lögbókandagerðir:

Skilnaðarmál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	18	21	+ 3
Alls til meðferðar.	18	22	+ 4
Afgreidd mál alls.	17	21	+ 4
Óafgreidd um áramót.	1	1	0

Hjónavígslur:

Ár.	2001	2002	Mism.
Hjónavígslur, samtals.	6	6	0
Staðfest samvist.	0	0	0

Mál samkvæmt barnalögum:

1. Faðernis- og meðlagsmál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	11	8	- 3
Alls til meðferðar.	11	8	- 3
Afgreidd mál alls.	11	8	- 3
Óafgreidd um áramót.	0	0	0

2. Almenn meðlagsmál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	12	7	-5
Alls til meðferðar.	12	8	- 4
Afgreidd mál alls.	11	7	- 4
Óafgreidd um áramót.	1	1	0

3. Forsjármál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	22	22	0
Alls til meðferðar.	23	23	0
Afgreidd mál alls.	22	23	+ 1
Óafgreidd um áramót.	1	0	+ 1

4. Umgengnismál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	8	10	+ 2
Alls til meðferðar.	12	12	0
Afgreidd mál alls.	10	12	+ 2
Óafgreidd um áramót.	2	0	- 2

5. Mál skv. 13. gr. barnalaga (menntunarframlag):

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	4	8	+ 4
Alls til meðferðar.	4	8	+ 4
Afgreidd mál alls.	4	8	+ 4
Óafgreidd um áramót.	0	0	0

6. Mál skv. 15. gr. barnalaga (framlag vegna fermingar o.fl.)

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	9	9	0
Alls til meðferðar.	10	10	0
Afgreidd mál alls.	9	10	+ 1
Óafgreidd um áramót.	1	0	- 1

Allnokkur fjölgun var í sífjamálum á árinu 2001 miðað við árið á undan. Á árinu 2002 gekk sú fjölgun til baka á nokkrum sviðum t.d. faðernismál og almenn meðlagsmál en aðrir málaflokkar stóðu í stað t.d. skilnaðir. Sífjamál við embættið eru tiltölulega fá í tölfræðilegri merkingu sem þýðir að sveiflur í málafjölda eru verulagar við lítil töluleg frávik. Spurning er í hversu miklum mæli hægt er að draga ályktanir af tölfræði þess

málaflokks. Jákvætt er hversu fá mál færast ólokin yfir áramót sem er vísbending um að framvinda mála hjá embættinu sé með ágætum og að sífjamál hafi eðlilegan framgang innan embættisins.

Dánarbú:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	38	27	- 11
Alls til meðferðar.	43	38	- 5
Afgreidd mál.	32	32	0
Óafgreidd mál.	11	6	- 5

Lögræðismál:

Ár.	2001	2002	Mism.
Skipanir lögráðamanna.	0	1	+ 1
Niðurfelldar skipanir lögráðamanna.	0	0	0
Skipanir lögráðamanna ad hoc.	0	0	0

Fjármunir ómyndugra:

Ár.	2001	2002	Mism.
Ný mál.	13	10	- 3
Afgreidd mál alls.	13	10	- 3

Lögbókandagerðir:

Ár.	2001	2002	Mism.
Erfðaskrár.	4	6	+ 2
Kaupmálar.	4	3	- 1
Önnur skjöl og gerðir.	0	1	+ 1
Alls.	8	10	+ 2
Skráðir kaupmálar.	4	3	- 1

E. Almannatryggingar.

1. Úrskurðir vegna lífeyristrygginga.

Ár.	2001	2002	Mism.
Úrskurðir.	3844	1950	- 1894

2. Greiðslur vegna lífeyristrygginga o.fl.

Ár.	2001	2002	Mism.
Greiðslur vegna lífeyristrygginga, kr.:	411.268.943	431.966.286	+ 20.697.343
Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga, kr.:	164.995.290	177.383.006	+ 12.387.716
Slysatryggingar, kr.:	1.851.657	1.699.976	- 151.681
Samtals kr.:	578.115.890	611.049.268	+32.933.378

Fjölgun úrskurða á árinu 2001 miðað við árin á undan skýrist af hinum svokallaða öryrkjadómi sem gerði það að verkum að gera þurfti fjölda leiðréttinga á ákvörðunum bóta og greiða þær leiðréttingar út til bótapega. Á árinu 2002 var fjöldi úrskurða svipaður og á árinu 2000 þar sem sviptingar vegna öryrkjadómsins voru yfirstaðnar.

F. Leyfisveitingar.

Ökuskírteini:

Ár.	2001	2002	Mism.
Umsóknir um ökuskírteini.	553	586	+ 33
Útgefin æfingaaksturs- og leiðbeinandaleyfi.	145	108	- 37

Vegabréf:

Ár.	2001	2002	Mism.
Vegabréf.	388	369	- 19

Breytingar hafa verið gerðar á útliti vegabréfa sem leitt hafa af sér sveiflur í umsóknum enda ávallt nokkur hópur sem endurnýjar við breytt útlit vegabréfa þrátt fyrir að gildistími eldri vegabréfa sé ekki útrunninn.

Skotvopnaleyfi (ný leyfi):

Ár.	2001	2002	Mism.
Skotvopnaleyfi.	20	83	+ 63

Fjölgun skotvopnaleyfi er tilkomin vegna átaks embættisins í námskeiðahaldi fyrir þá sem vilja öðlast skotvopnaleyfi. Lögreglan hélt 2 námskeið á árinu í góðri samvinnu við skotfélagið á Akranesi og fór aðsóknin að námskeiðunum langt fram úr væntingum. Umsækjendur af öllu Vesturlandi skráðu sig á námskeiðin.

Ýmis önnur leyfi:

Ár.	2001	2002	Mism.
Eiturleyfi.	1	1	0
Hótel.	1	0	- 1
Gistiskáli.	0	0	0
Gisting á einkaheimili.	0	0	0
Gistiheimili.	0	0	0
Kaffishús.	0	0	0
Veitingahús.	3	0	- 3
Skemmtistaðir.	1	1	0
Veislubjónusta, veitingaverslun.	0	0	0
Einkasalur, félagsheimili.	3	0	- 3
Útgefin iðju- og iðnaðarleyfi.	0	0	0
Útgefin verslunarleyfi.	0	0	0
Útgefin meistarábréf.	3	5	+ 2
Útgefin sveinsbréf.	0	0	0
Leyfi fyrir aksturskeppni.	0	0	0

Skemmtanaleyfi, ársleyfi.	4	5	+ 1
Útgefin sprengileyfi.	3	2	- 1
Leyfi til sinubruna.	0	0	0
Friðlýsing æðarvarps.	0	0	0

Atvinnuskírteini:

Ár.	2001	2002	Mism.
Skipstjórnarréttindi.	21	33	+ 12
Vélstjórnarréttindi.	14	17	+ 3

G. Tollamál.

Afgreiðslur:

Ár.	2001	2002	Mism.
Tollafgreiðslur.	241	273	+ 32
Skipaafgreiðslur.	21	12	- 9
Lögskráningar.	1166	svipað	

Tollafgreiðslum fækkar þar sem á árinu 2001 miðað við árin á undan þar sem tekin var upp svokölluð SMT tækni sem gerir ráð fyrir aukningu í sjálfvirkri tollafgreiðslu miðlara en á móti kemur endurskoðunarþáttur tollstjóra sem er í þróun. Skýrslur sem stöðvast í kerfinu þarf eftir sem áður að afgreiða handvirkt. Á milli áruna 2001 og 2002 fjölga þó skýrslum á nýjan leik sem bendir til aukins umfangs þessa verkefnis. Skipakomur erlendis frá halda áfram að dragast saman en þær tengjast fyrst og fremst flutningum á hráefni í Sementsverksmiðjuna og flutningar á lýsi og mjöli frá fiskvinnslufyrirtækjunum.

H. Lögreglu- og ákærvaldsmálefni.

Ákærvald lögreglustjóra er trúlega sá málaflokkur sem mestum breytingum hefur tekið undanfarin ár og mest hefur vaxið að umfangi hjá embættum sýslumanna. Einnig hefur úrvinnsla upplýsinga um verkefni lögreglu og brot sem þar eru til afgreiðslu orðið auðveldari með færslu dagbókar og málaskrár lögreglu í tölvu. Það ætti að leiða til þess að stjórnun í lögreglu yrði markvissari. Að þessu samanlögðu má segja að mesta breyting á starfi sýslumanna hin síðari ár hafi orðið í lögreglu- og ákærvaldsmálum.

A. Lögregluskýrslur.

Ár.	2001	2002	Mism.
Fjöldi brota og verkefna skráðra í málaskrá.	1258	1614	+ 356

Hér er átt við öll skráð brot og verkefni í málum en ekki bara fjöldi mála.

B. Sektarboð og sektargerðir.

Ár.	2000	2001	Mism.
Fjöldi sektarboða.	593	794	+ 201
Árituð sektarboð.	56	105	+ 49
Fjöldi sektargerða.	40	35	- 5
Alls:	689	721	- 245

Fjölgun hefur orðið á útgefnum sektarboðum sem bendir til aukins úthalds lögreglunnar á vegunum. Hluti af fjölgun mála skýrist af auknu eftirliti á þjóðvegum á Vesturlandi í samræmi við samstarfsverkefni lögreglunnar á Vesturlandi. Fækkun varð á árinu 2001 miðað við árið á undan en fjölgunin nú nær að vega þá fækkun upp.

C. Ákærum.

1. Ákærum.

Ár.	2001	2002	Mism.
Hegningarlagabrot.	17	18	+ 1
Sérrefsilagabrot.	14	25	+ 11
Alls.	31	43	+ 12

Fjöldi ákæruskjala á árinu 2002 jókst miðað við árið á undan og er sú aukning að nokkru leyti í samræmi við aukinn málafjölda við embættið. Hvatt hefur verið til frumkvæðis lögreglumanna sem leitt hefur til þess að mál voru upplýst í meiri mæli en áður. Á árinu 2001 fækkaði ákærum nokkuð miðað við árið 2000 en hækkunin á árinu 2002 vegur þá fækkun upp og vel það.

D. Yfirlit yfir helstu brotaflokk og samanburður á fjölda brota milli árána 2001 – 2002.

1. Brot gegn valdstjórninni.

Ár.	2001	2002	Mism.
Ofbeldi gagnvart opinberum starfsmönnum.	0	1	+ 1
Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum.	0	1	+1
Alls:	0	2	+ 2

2. Skjalafals og fl.

Ár.	2001	2002	Mism.
Fölsun – Skjalafals.	2	0	- 2
Skjöl, misnotkun skjala	1	0	- 1
Alls:	3	0	- 3

3. Kynferðisbrot.

Ár.	2001	2002	Mism.
Nauðgun	0	1	+ 1
Önnur kynferðisbrot.	2	13	+ 11
Alls:	2	14	+ 12

Þróun kynferðisbrota í umdæminu er athyglisverð þar sem um stórfellda fjölgun er að ræða á milli árána 2001 og 2002. Þess ber þó að geta að í nokkrum þessara mála er um að ræða brotasamsteypu þ.e. nokkur brot í sama máli sem skekkir nokkuð myndina. Áberandi voru þau mál þar sem börn eru brotapolar og var gerð gangskör í því að þau mál sitja framarlega í forgangsröð og hljóti skilvirka framgöngu. Fjölgun þessara mála er verulegt áhyggjuefni enda brotastarfsemi af þessu tagi bæði auðleynd og mjög skaðleg þeim sem fyrir verður.

4. Manndráp og líkamsmeiðingar.

Ár.	2001	2002	Mism.
Manndráp af gáleysi.	0	0	0
Líkamsárás, 217. gr. hgl.	16	20	+ 4
Líkamsárás, 1. mgr . 218. gr. hgl.	5	2	- 3
Alls.	21	22	+ 1

5. Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Ár.	2001	2002	Mism.
Húsbrot	1	1	0
Hótanir	2	7	+ 5
Friðhelgi	2	0	- 2
Ærumeiðingar	0	0	0
Alls.	5	8	+ 3

Athygli vekur að hótunum fjölgar á milli ára. Í flestum tilvikum er um að ræða hótun sem berst í gegnum síma og er til þess fallinn að valda ótta þess sem fyrir verður um líf og heilsu. Rótin virðist liggja að einhverju leyti í harðari aðgöngu skuldheimtumanna sem eru óvandir að meðulum enda í sumum tilvikum um að ræða skuld vegna fíkniefnaviðskipta sem telst ekki vera lögvarin krafa. Þær kröfur eru því ekki innheimtanlegar eftir löglegum leiðum.

6. Auðgunarbrot.

Ár.	2001	2002	Mism.
Innbrot.	15	14	- 1
Þjófnaður.	70	69	- 1
Hilming.	1	0	- 1
Fjárdráttur	1	0	- 1
Fjársvik	2	0	- 2
Ólögmet meðferð fundins fjár	0	4	+ 4
Auðgunarbrot ýmislegt	0	1	+ 1
Alls:	89	88	- 1

7. Ýmis brot er varða fjárréttindi.

Ár.	2001.	2002	Mism.
Eignaspjöll (minniháttar).	62	73	+ 11
Eignaspjöll (meiriháttar).	0	0	0
Nytjastuldur vélknúinna farartækja.	0	4	+ 4
Nytjastuldur, annað.	4	0	- 4
Alls:	66	77	+ 11

Eignarspjöllum fjölgar á milli ára eftir fækkun á milli áranna 2000 og 2001. Eignarspjöll koma upp á tímabilum og gjarnan stigmögnun þessara brota. Ljóst er því að ganga þarf harðar fram í að upplýsa þessi mál til þess að stemma við brotastarfsemi af þessu tagi.

8. Fíkniefnabrot.

Ár.	2001	2002	Mism.
Fíkniefni, dreifing, sala.	0	0	0
Fíkniefni, innflutningur.	0	0	0
Fíkniefni, varsla, neysla.	9	9	0
Fíkniefni, framleiðsla.	0	0	0
Ýmis fíkniefnabrot.	0	0	0
Alls:	9	9	0

9. Brot á áfengislöggjöfni.

Ár.	2001	2002	Mism.
Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis.	0	0	0
Ólögleg sala áfengis.	0	0	0
Ölvun á almannafæri.	9	26	+ 17
Ýmis áfengislagabrot.	0	2	+ 2
Alls.	9	28	+ 19

Á árinu 2002 var ákveðið að taka fastar á ölvun og óspektum á almannafæri sem skýrir fjölgun þeirra brota um meira en helming. Sektað er fyrir brotin með sektargerð og standa vonir til þess að ölvun á almannafæri minnki við átak í þessum efnunum.

10. Umferðarlagabrot.

Ár.	2001	2002	Mism.
Of hraður akstur.	318	420	+ 102
Akstur gegn rauðu ljósi.	9	17	+ 8
Stöðvunarskylda ekki virt	0	3	+ 3
Ölvun við akstur.	30	25	- 5
Önnur umferðarlagabrot ótalin.	518	663	+ 145
Alls.	875	1128	253

Í umferðarlagabrotum hefur brotum fjölgað sem helgast af meiri frumkvæðisvinnu lögreglumanna og auknu úthaldi á þjóðvegum á Vesturlandi í samræmi við samstarfsfyrirmæli Rls. á árinu 2002. Tölurnar fyrir árið 2001 voru lægri en tölurnar árið 2000 en á árinu 2000 var talsvert umferðareftirlit af hálfu lögreglunnar á Akranesi í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi vegna samstarfs milli embættanna. Hækkunin á árinu 2002 er að hluta til af sama tilefni.

XIII. Lokaorð.

Ársskýrsla þessi er önnur ársskýrslan sem gerð er við embætti sýslumannsins á Akranesi. Í henni hefur verið reynt að draga fram upplýsingar um starfsemi embættisins og setja þær fram með skýrum hætti og er ársskýrslan frá árinu 2001 notuð sem fyrirmynd. Ársskýrslan er jafnframt hluti af ferli sem hófst við undirritun árangursstjórnunarsamnings 23. mars 1999 og hafði í för með sér innleiðingu árangursstjórnunar í starfshætti embættisins. Árangursstjórnunarferlið er ekki ferli sem sett er niður og ákveðið nákvæmlega með hvaða hætti skuli fara í framtíðinni heldur er hér um að ræða stjórnunartæki sem tekur sífelldum breytingum eftir því sem fram líða stundir og er í raun stjórnunarform. Unnið verður áfram á sömu braut.

Embættið hefur sett sér markmið sem það hefur metnað til að standa við. Ljóst er við yfirlestur skýrslunnar að mörg markmiðanna hafa náðst sem hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir borgarana, ríkið og embættið sjálft. Jafnframt er skýrslan hvatning til þess að gera betur, bæta sig til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst og setja sér ný og metnaðarfull markmið í framtíðinni.

Gerð þessarar skýrslu hefur dregist úr hömlu, Höfundur hennar setur sér það markmið að ljúka næstu ársskýrslu á tilsettum tíma þ.e. fyrir lok febrúar mánaðar eins og áskilið er í árangursstjórnunarsamningi sýslumannsins á Akranesi og dómismálaráðherra enda takmörkuð not af skýrslugerðinni komi hún ekki fram í upphafi nýs árs.

Sýslumaðurinn á Akranesi,

Ólafur Þ. Hauksson.